

## Umhverfisstefna

Bláa Lónið hf. leggur áherslu á að vernda og viðhalda náttúrulegu umhverfi baðstaðarins við Bláa lónið sem og umhverfi þeirra staða þar sem önnur starfsemi fyrirtækisins fer fram.

Verndun umhverfisins er starfsemi fyrirtækisins mikilvæg og er umhverfisvernd höfð að leiðarljósi við alla uppbyggingu og starfsemi fyrirtækisins.

Mannvirki fyrirtækisins falli ætíð vel að ásýnd íslenskrar náttúru og tillit tekið til álagspóls þeirra svæða er fyrirtækið starfar á.

Umhverfisvænar vörur eru notaðar þegar mögulegt er og starfsmenn jafnt sem gestir eru hvattir til að endurvinna þau efni sem við á.

Áhersla er lögð á að starfsfólk sé vel meðvitað um náttúru svæðisins og fært um að veita haldgóðar upplýsingar um hana.

Bláa Lónið hf. hvetur ennfremur til að dregið verði úr sorpmyndun með því að auka endurnotkun og endurvinnslu úrgangs og draga úr notkun umbúða.

Bláa lónið er afurð umhverfisvæns orkugjafa, jarðvarma frá Hitaveitu Suðurnesja. Fyrirtækið hvetur því til þess að orkuauðlindir landsins verði nýttar á umhverfisvænan hátt í þágu Íslendinga í dag sem og þeirra kynslóða sem munu erfa landið.

Fyrirtækið hvetur til samstarfs opinberra aðila og annarra er vilja auka meðvitund Íslendinga um verndun náttúruauðæfa.

Fyrirtækið hvetur ennfremur til frekari uppbyggingar er varðar endurnotkun og endurnýtingu úrgangs til að gera fyrirtækjum og einstaklingum kleift að fylgja umhverfisstefnu sinni.

Bláa lónið er ennfremur með heimild til að flagga Bláfánamerkinu.

Kröfurnar sem gerðar eru til þeirra staða eru talsverðar og má finna á [www.blueflag.org/eucriteria.asp](http://www.blueflag.org/eucriteria.asp)